

# Heilbrigðisnefnd Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness.

30. október 2023,  
18. fundur heilbrigðisnefndar, fundargerð.

Mánudaginn 30. október 2023 fór fram 18. fundur Heilbrigðisnefndar Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarneskaupstaðar (skammstafað HEF) og hófst hann kl. 16:30. Eftirtaldir aðalmenn mættu til fundarins, Linda Hrönn Þórisdóttir, Hannes Tryggvi Hafstein, Bjarni Ingimarsson, Ingibjörg Hauksdóttir og Gnýr Guðmundsson. Eftirtaldir starfsmenn voru einnig á fundinum, Hörður Þorsteinsson, Árni Davíðsson, Þóra Dögg Jörundsdóttir og Ríkhartur F. Friðriksson.

## 1. Önnur mál

### 1.1. Skýrsla starfshóps um opinbert eftirlit

Lögð var fram skýrsla starfshóps um opinbert eftirlit sem skipaður var af umhverfis-, orku og loftlagsráðherra í október 2022, að undangengnu samráði við matvælaráðuneyti. Verkefni starfshópsins var að leggja til nýtt fyrirkomulag að eftirliti með hollustuháttum og mengunarvörnum og matvælum. Yfirstjórn þessara málaflokka eru hjá tveimur ráðuneytum, þ.e. umhverfis-, orku og loftlagsráðuneyti og matvælaráðuneyti og meginábyrgð á framkvæmd og samræmingu eftirlits er hjá tveimur ríkisstofnunum, Umhverfisstofnun og Matvælastofnun. Auk þess fer hluti stjórnsýslu og eftirlits fram á sveitarstjórnarstigi. Dagleg framkvæmd eftirlits er þannig að verulegum hluta í höndum heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga en þær stofnanir starfa í umboði heilbrigðisnefnda.

#### Bókun:

Heilbrigðisnefnd Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness gerir alvarlegar athugasemdir við niðurstöðu skýrslu starfshóps um opinbert eftirlit. Heilbrigðisnefndin er ósammála þeirri tillögu sem þar kemur fram að allt eftirlit verði hjá stofnunum ríkisins. Það er mat heilbrigðisnefndar að starfshópurinn hafi horft til of fárra sviðsmynda. Skynsamlegt hefði verið að skoða þá sviðsmynd að núverandi kerfi væri eft, til dæmis með því að bæta samræmingu af hendi ríkisstofnana, skapa samræmt upplýsinga- og skráningarkerfi og einfalda regluverk. Þá hefði mátt horfa til þess að færa til baka sum af þeim eftirlitsverkefnum sem hafa í gegnum árin verið færð frá heilbrigðiseftirliti til ríkisstofnana og þannig veita Umhverfisstofnun og Matvælastofnun meira svigrúm til að sinna leiðbeiningar- og samræmingar hlutverki sínu. Heilbrigðisnefnd vekur athygli á að þær athugasemdir og ábendingar sem fram koma í skýrslunni um atriði sem starfshópurinn telur að þurfi að laga og að mikilvægt sé að ná fram hagræðingu á, snúa að mestu leyti að framkvæmd og samræmingu sem liggur á ábyrgðarsviði ráðuneytanna og þeim tveimur ríkisstofnunum sem bera meginábyrgð á samræmingu eftirlits.



Hægt er að mati heilbrigðisnefndar að ná flestum þeim markmiðum sem fram koma í erindisbréfi starfshópsins með því að stjórnvöld leggi aukinn kraft í samræmingu eftirlits, með því að auka fjármagn til þeirra stofnanna sem eiga að vinna að samræmingu eftirlits samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og lög nr. 93/1995 um matvæli.

Heilbrigðisnefnd telur að hollustuhátta-, mengunar- og matvælaeftirlit eigi að vera áfram til staðar í nærumhverfinu þar sem þekking er á aðstæðum, milliliðalaust samband er við rekstraraðila og almenning og staðgóð þekking er á skipulagsákvæðum og öðrum þeim atriðum sem hafa þarf í huga varðandi eftirlit sem á að tryggja heilnæmt og ómengað umhverfi.

Heilbrigðisnefnd hefur rýnt skýrslu starfshópsins um opinbert eftirlit og gerir alvarlegar athugasemdir við þá stefnu sem boðuð er um tilfærslu verkefna frá sveitarfélögunum yfir til ríkisins. Í stjórnarsáttmála núverandi ríkisstjórnar er lögð áhersla á stuðla að uppbyggingu öflugra og sjálfbærra sveitarfélaga og að efla þurfi enn frekar samstarf ríkis og sveitarfélaga á sviðum loftlags- og umhverfismála þar sem sveitarfélögin gegna lykilhlutverki s.s. í innleiðingu hringrásarhagkerfisins, á sviði fráveitumála, mengunarvarna, vatnsverndar, náttúruverndar og verndunar líffræðilegs fjölbreytileika.

Niðurstaða starfshópsins er að mati heilbrigðisnefndar að engu í samræmi við þau markmið sem fram koma í stjórnarsáttmálanum.

Í áliti starfshópsins eru lagðir fram eftirfarandi sjö áherslupunkturar sem að mati starfshópsins þarf að ná fram til að til að fylgja eftir þeim tillögum sem starfshópurinn telur nauðsynlegar, þ.e. að færa verkefni heilbrigðiseftirlits yfir til Matvælastofnunar og Umhverfisstofnunar.

1. **Að tryggja þurfi fjármagn til að þróa upplýsingakerfi sem uppfylli nútímakröfur.** Þessi krafa um aukið fjármagn til handa þeim stofnunum sem bera meginábyrgð á framkvæmd og samræmingu eftirlits snúa ekki að störfum heilbrigðiseftirlits, heldur að þeim stofnunum sem hafa yfirumsjón með eftirliti og eiga að bera, samkvæmt lögum, ábyrgð á samræmingu heilbrigðiseftirlits. Heilbrigðiseftirlitin hafa ítrekað bent á að mikilvægt sé að horfa til samstarfs Umhverfisstofnunar og Matvælastofnunar um sameiginlegt upplýsingakerfi sem gæti auðveldað skilvirkni og yfirsýn. Þá er bent á að hægt væri að minnka eftirlitskostnað fyrirtækja með aukinni frammistöðuflokkun og hafa hugmyndir um slíka flokkun verið lagðar fram, en ekki fengið framgang í matvælaráðuneyti.

Til að koma til móts við þær kröfur um samræmingu á þessu sviði hafa heilbrigðiseftirlitin þróað sín upplýsingakerfi til að uppfylla nútímakröfur um rafræna þjónustu. Eins hafa heilbrigðiseftirlitin unnið sína áhættu – og frammistöðuflokkun í samræmi við lög og reglugerðir að því marki sem þær heimila og hagað sínum eftirlitsáætlunum í samræmi við það.

Hægt er að taka undir þá ábendingu um að aukið fjármagn þurfi til að þróa upplýsingakerfi sem uppfylli nútímakröfur, en hvernig flutningur verkefna heilbrigðiseftirlits til ríkisstofnana leysi þann vanda, er ekki augljóst.

2. **Lagt er til að öll stjórnsýsla verði stafræn og lagaumgjörð í kringum þau geri ráð fyrir því að fyrirtæki þurfi almennt ekki að leita nema á einn stað til að hefja starfsemi sína, líkt og**

markmið var með setningu reglugerðar um skráningarskyldan atvinnurekstur. Reynslan af framkvæmd skráningarreglugerðarinnar er því miður eitt versta dæmi um einföldun regluverks sem hægt er að finna í opinberum rekstri. Framkvæmd og útfærsla þeirrar einföldunar er svo illa unnin að núna ári eftir setningu reglugerðarinnar, þá er ekki búið að útfæra lausnir sem boðaðar eru í reglugerðinni. Þessi áherslupunktur beinist því fyrst og fremst að ráðuneytunum sjálfum og þeim ríkisstofnunum sem eiga að sjá um samræmingu og þróun á lagaumhverfi og upplýsingakerfum. Það að færa verkefni heilbrigðiseftirlits til ríkisstofnanna, lagfærir ekki sjálfkrafa upplýsingakerfi og lagaumgjörð stjórnsýslunnar.

3. Löggjöf um matvæli og hollustuhætti verði rýnd með það að markmiði að draga úr reglubyrði, einkum hvað varðar lítil og meðalstór fyrirtæki. Þá er lögð áhersla á að eftirlitsaðferðir verði áhættumiðaðri en nú er raunin og mikilvægt sé að skoða þetta í samræði við fulltrúa atvinnulífsins. Hvernig það samrýmist þessum áherslupunkti að færa verkefni heilbrigðiseftirlits yfir til ríkisstofnanna er rannsóknarefni út af fyrir sig. Heilbrigðisnefnd tekur þó undir það markmið að mikilvægt er að ná fram breytingum á löggjöfinni sem hefur jákvæð áhrif á rekstrar- og samkeppnisumhverfi fyrirtækja. Heilbrigðisnefnd vekur samt athygli á að meginmarkmið laga um hollustuhætti og mengunarvarnir snúa að því markmiði að búa landsmönnum heilnæm lífsskilyrði og vernda þau gildi sem felast í heilnæmu og ómenguðu umhverfi og að draga úr losun út í andrúmsloft, vatn og jarðveg. Að mati heilbrigðisnefndar hefði starfshópurinn átt að hafa mikilvægi heilbrigðiseftirlits fyrir almenning á Íslandi sem grundvallarmarkmið í vinnu sinni og setja þau sjónarmið sem fram koma í 1. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir í öndvegi.
4. Starfshópurinn leggur áherslu á að ráðuneytin þurfi að taka til skoðunar að nýta heimildir í löggjöfinni til að útvista opinberu eftirliti í meira mæli til faggiltra skoðunarstofa sem eru reknað af einkaaðilum. Það vekur athygli að starfshópurinn hefur ekki áhyggjur af samræmingu í eftirliti skoðunarstofa og vandséð er hvernig færsla verkefna heilbrigðiseftirlitsins yfir til ríkisstofnana auðveldi útvistun opinbers eftirlits frá því sem nú er heimild fyrir. Ef stjórnvöld telja að ástæða sé til að færa eftirlitsverkefni til einkaaðila þá liggur sú heimild fyrir. Heilbrigðisnefnd vekur þó athygli á að ESA hefur komið að athugasemdum um fyrirkomulag matvælaeftirlits og því mikilvægt að ásynd matvælaframleiðsla á Íslandi sem er mikilvægur þáttur í útflutningi þjóðarinnar, verði ekki fyrir skaða við slíka einkavæðingu opinbers eftirlits.
5. Heilbrigðisnefnd tekur undir það sjónarmið að takmörkuð beiting þvingunarúrræða í opinberu eftirliti er atriði sem þarf að skoða nánar. Heilbrigðiseftirlitið hefur ítrekað kallað eftir samræmdum leiðbeiningum og fræðslu um beitingu þvingunarúrræða. Hvernig færsla verkefna heilbrigðiseftirlitsins yfir til ríkisstofnuna auki samræmi og fyrirmæli um beitingu þvingunarúrræða er vandséð. Sú vinna þarf fyrst og fremst að fara í gegnum ráðuneyti þessara málaflokka, þar sem leikreglur gagnvart þvingunarúrræðum á sér uppruna.

Handwritten signatures and initials in blue ink, including "LAP", "Bl.", and "Skli".

6. Tryggja þurfi staðbundnum stjórnvöldum skýrar lagaheimildir til að setja og framfylgja reglum um snyrtilegt og heilnæmt umhverfi að því marki sem slíkt verkefni er ekki falin öðrum stjórnvöldum. Það er í sjálfu sér ágætt að starfshópurinn geri ekki ráð fyrir að erfitt verði að samræma störf þeirra 64 sveitarfélaga sem eru starfandi á landinu um að tryggja heilnæmt umhverfi, en heilbrigðisnefnd vekur athygli á að fjöldamörg önnur verkefni sem lögð eru á herðar sveitarfélaganna eru unnin af eða í samstarfi við heilbrigðiseftirlitin, sum verkefni samkvæmt samþykktum þeirra og önnur vegna ákvæða annarra laga sem ekki falla beint undir reglubundið eftirlit. Eftirfarandi upptalning er á nokkrum þeirra verkefna, en þó er þetta ekki tæmandi listi;
1. Eftirlit með meðhöndlun á úrgangi sbr. lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, sem felst í gerð starfsleyfa fyrir söfnunar- og móttökustöðvar og flutningi á spilliefnum frá almenningi og fyrirtækjum. Þá er það hlutverk sveitarstjórna að annast gerð upplýsingaefnis um úrgangsforvarnir og meðferð úrgangs í sveitarfélaginu og fræða almenning og rekstraraðila í samvinnu við hlutaðeigandi heilbrigðisnefndir. Þá veita heilbrigðisnefndir starfsleyfi og hafa eftirlit með endurvinnslu skipa undir 500 brúttó tonna.
  2. Sveitarfélögin bera ábyrgð á að fráveitur sveitarfélaganna sé í samræmi við lög nr. 9/2009 og er heilbrigðisnefndum falið það hlutverk að hafa eftirlit með þeim í samræmi við lög nr. 7/1998 sem og meta hvort heimila eigi að beitt sé öðrum lausnum en safnkerfi og sameiginlegu hreinsivirki þar sem losun er minni en 2.000 persónueiningar og skal heilbrigðisnefnd taka tillit til gæða, getu og skilgreiningar viðtaka, jarðvegsgerðar, legu lands og umhverfisaðstæður. Þá hefur heilbrigðisnefnd það hlutverk samkvæmt reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp að hafa eftirlit með öllum fráveitum og jafnframt getur heilbrigðisnefnd gert kröfu um að yfirborðsvatn og afrennsli hitaveitu sé leitt í sérstakar fráveitulagnir. Hlutverk heilbrigðisnefnda er að vinna að því að koma í veg fyrir óhreinun vatns, sjávar og stranda af völdum hvers konar fráveituvatns í þeim tilgangi að koma í veg fyrir óhollustu, náttúruspjöll og óþægindi.
  3. Þá skulu fyrimæli um nauðsynlegar varnarráðstafanir vegna yfirvofandi hættu á umhverfistjóni eða í þeim tilgangi að koma í veg fyrir frekari umhverfistjón gefin að höfðu samráði við heilbrigðisnefnd sbr. lög nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð og hefur heilbrigðisnefnd heimild til töku sýna, til myndatöku og til að leggja hald á hvers konar gögn og aðra hluti.
  4. Samkvæmt sóttvarnalögum nr. 19/1997 skulu heilbrigðisfulltrúar tilkynna umdæmislækni sóttvarna ef þeir verða varir við hugsanlega smithættu eða hættu vegna eiturefna. Sóttvarnalæknir skipuleggur aðgerðir og aðstoðar heilbrigðisnefnd sóttvarnalækni og hefur eftirlit með því að til viðeigandi ráðstafana sé gripið.
  5. Heilbrigðisnefnd hefur, í samráði við Samgöngustofu, heilbrigðiseftirlit með skipum og gefur út sóttvarnavottorð og sóttvarnaundanþágu fyrir skip samkvæmt ákvæðum alþjóðaheilbrigðisreglugerðarinnar samkvæmt auglýsingu sem birt var í C-deild Stjórnartíðinda, augl. nr. 3/2020. Núna liggja fyrir drög að reglugerð um

- sóttvarnavottorð og sóttvarnaundanþágur fyrir skip í samráðsgátt sem staðfestir þetta fyrirkomulag eftirlits. Hafnir sem hafa heimild til að gefa út sóttvarnavottorð eru 5 og hafa 24 hafnir heimild til að gefa sóttvarnaundanþágur, víðs vegar um land. Heilbrigðiseftirlit sér um eftirlitið og útgáfu þessara vottorða.
6. Heilbrigðisnefndir skulu sinna eftirliti með notkun skráðra afurðaheita fyrir matvæli og aðrar afurðir en matvæli samkvæmt lögum nr. 2/2014 um vernd afurðaheita sem vísa til uppruna, landsvæðis eða hefðbundinnar sérstöðu. Jafnframt er heilbrigðisnefndum falið það hlutverk að veita ráðgjöf og þjónustu varðandi skráningu afurðaheita.
  7. Heilbrigðisnefndir gefa út starfsleyfi fyrir vatnsból og ákvarða vatnsverndarsvæði í samræmi við reglugerð 536/2001 um neysluvatn og framfylgja samþykktum um vatnsverndarsvæði, sjá um vöktunaráætlun sem tekur til vistfræðilegra og eðlisfræðilegra gæðapátta, svo og til vöktunar á magnstöðu grunnvatns. Slík vöktun felur í sér heildarúttekt á örverufræðilegum þáttum auk efna- og eðlisfræðilegra þátta í neysluvatni sbr. lög um stjórn vatnamála nr. 36/2011. Auk þess skipa heilbrigðisnefndir fulltrúa í vatnasvæðisnefndir sem hafa það hlutverk að samræma vinnu við vöktunar- aðgerða- og vatnaáætlunar.
  8. Upplýsa almenning um hættu tengda notkun á efnum og efnablöndum sbr. efnalög nr. 61/2013 og hafa eftirlit með meðferð og merkingum efna og efnablandna í starfsleyfisskyldri og skráningarskyldri starfsemi sem heyrir undir starfsleyfi sem heilbrigðisnefnd gefur út eða hefur eftirlit með.
  9. Heilbrigðisnefnd hefur eftirlit með bráðaaðgerðum vegna mengunar innan hafnarsvæða og metur hvenær árangur af hreinsun er nægur sbr. lög nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og strandar. Þá getur Umhverfisstofnun óskað eftir að heilbrigðisnefnd fari á vettvang ef um bráðamengun utan hafnarsvæða er að ræða og meti umfang bráðamengunar og meti nauðsynlegar aðgerðir.
  10. Veita gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála umsagnir um rekstrarleyfi á grundvelli laga nr. 88/2021 sem fjallar gæði þjónustu við fatlað fólk, laga um málefni aldraðra, samþættingu í þjónustu í þágu farsældar barna o.fl. atriða.
  11. Gefa út starfsleyfi fyrir brennur sem standa yfir í meira en eina klukkustund samkvæmt reglugerð nr. 325/2016 um meðferð elds og varnir gegn gróðureldum og hafa eftirlit með þeirri starfsemi, auk þess að veita sýslumanni umsögn og mat á útbreiðsluhættu og hvort afmörkun svæðis vegna sinubrennu sé fullnægjandi og hvort viðbragðsráðstafanir séu nægjanlegar.
  12. Veita sveitarstjórnnum leiðbeiningar og ráð varðandi nýja kirkjugarða eða stækka gamla garða með hliðsjón af heilbrigðissjónarmiðum eða af skipulagsástæðum sbr. lög nr. 36/1993 um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu.
  13. Heilbrigðisnefndir hafa með höndum eftirlit með útsölustöðum tóbaks og fylgja eftir að merkingar, auglýsingar og sala tóbaks sé í samræmi við lög nr. 6/2002 um tóbaksvarnir.
  14. Veita umsagnir samkvæmt lögum nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald til útgefenda rekstrarleyfa um að starfsemi sé í samræmi við ákvæði

Handwritten signatures and initials in blue ink, including "SKL", "B.I.", and several illegible signatures.

- laga um hollustuhætti og mengunarvarnir og laga um matvæli og þegar við á, meta grenndaráhrif starfseminnar þ.m.t. hljóðvist.
15. Þá skal heilbrigðisnefnd veita umsagnir til byggingafulltrúa samkvæmt byggingarreglugerð nr.112/2012 við yfirferð uppdráttar. Heilbrigðisfulltrúar geta verið kallaðir til við öryggisúttektir bygginga sbr. 3.1. gr. sömu reglugerðar, hafa yfirlit og gera kröfur um fjölda salerna og snyrtinga í skólum og öðrum byggingum sem almenningur hefur aðgang að, veita umsagnir um byggingu olíu-, bensín- og birgðastöðva fyrir eldsneyti og veita umsögn um hvort aðstaða á vinnustöðvum sé í samræmi við kröfur.
  16. Heilbrigðisnefndir skulu hafa eftirlit með framkvæmd reglugerðar um hávaða nr. 724/2008 og m.a. framkvæma eða láta framkvæma eftirlitsmælingar á hávaða og getur heilbrigðisnefnd beint tilmælum til rekstraraðila um aðgerðir til að fyrirbyggja að almenningur verði fyrir skaða af völdum hávaða.
  17. Fylgja eftir samþykktum sveitarfélagana um umgengni, samþykktum um kattahald, samþykktum um húsdýrahald og almennt gæludýrhald, samþykktum um hæsnahald og samþykktum um hundahald, þar sem m.a. er gerð krafa um að heilbrigðisnefnd sjái um skráningu allra hunda í sveitarfélaginu. Þannig fer heilbrigðisnefnd með málefni hunda og hundahalds samkvæmt ítarlegum samþykktum þar um.
  18. Þá hefur heilbrigðisnefnd það hlutverk að styðja við stefnur sveitarfélagana um að bæta við upplýsingagjöf um mengunarvarnir og umhverfismál. Þær áherslur má finna t.d. í umhverfis- og auðlindastefnu sveitarfélaganna og tilmæli í greinargerðum með deiliskipulögum þar sem m.a. er að finna fyrirmæli til heilbrigðisnefnda um að halda úti loftgæðamælingum.
  19. Í reglugerð nr. 787/1999 um loftgæði er ákvæði um að heilbrigðisnefndir skuli semja aðgerðaráætlanir sem gilda skulu sem skammtímaráðstafanir sem fylgja skal ef hætta er á að farið verði yfir umhverfismörk og/eða viðvörðunarmörk. Þá reka heilbrigðisnefndir loftgæðastöðvar í samstarfi við sveitarfélögin og sjá um rekstur þeirra og viðhald og birta niðurstöður þeirra á vef heilbrigðiseftirlits og nýtir Umhverfisstofnun þær niðurstöður og birtir á síðunni loftgaedi.is.
  20. Þá hefur heilbrigðisnefnd með höndum umsjón með fækkun á músum og rottum sbr. lög nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum. Þegar hval rekur á land er það hlutverk heilbrigðiseftirlits að meta hvort hvalshrá geti valdið slíkum ama, mengun eða slyshættu þar sem það liggur, að grípa þurfi til aðgerða.
7. **Tryggja þarf náið samráð við Samband íslenskra sveitarfélag og sveitarfélögin um breytt fyrirkomulag eftirlits.** Heilbrigðisnefnd tekur undir mikilvægi samstarfs allra aðila um breytt fyrirkomulag eftirlits. Á það sérstaklega við sveitarfélögin sem borið hafa þungan af heilbrigðiseftirliti undanfarna áratugi. Vekur það furðu að ekki hafi verið haft neitt samráð við sveitarfélögin við vinnslu þessara tillagna og að ekki komi fram tilvitnanir í afstöðu þeirra í þeim tillögum sem lagðar eru fram.



*Það er mat heilbrigðisnefndar að ekki sé metið að verðleikum í þessari skýrslu sá mannauður og staðbundin þekking sem er að finna innan núverandi kerfis og það upplegg sem fram kemur í vinnu starfshópsins að megin vandamál opinbers eftirlits liggi hjá heilbrigðiseftirlitunum. Hægt er að rekja flestar þær ábendingar sem fram eru lagðar í skýrslunni um vanda sem opinbert eftirlit hefur við að glíma til þeirra ríkisstofnanna sem verkefnin eru flutt til eða til þeirra ráðuneyta sem fara með þessa málaflokka.*

## 1.2. Starfsmannamál.

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir að þrír starfsmenn væru á leið í barnseignarfrí og búið væri að ráða starfsmenn til afleysinga til eins árs.

*Bókun:*

*Heilbrigðisnefnd óskar þeim starfsmönnum heilbrigðiseftirlitsins sem eru á leið í barneignarfrí, velfarnaðar og býður nýja starfsmenn velkomna til starfa.*

## 2. Skipulagsmál

### 2.1 Færsla á Hamraneslínu 1 og 2, breyting á aðalskipulagi

Breytingin felst í breytttri legu Hamraneslínu 1 og 2 frá strengendavirki við Kaldárselsveg að tengivirki í Hamranesi. Þessi nýja lega fellur betur að landi hvað varðar skógræktarsvæði og eins er hægt að nota núverandi vegslóða til að koma línunni í jörð. Jarðvegsrask verður því lágmarkað eins og kostur er. Á þessum kafla verða þær í jörðu. Möstur línunnar, sem nú er loftlína, verða teknar niður samhliða.

*Bókun:*

*Heilbrigðisnefnd telur jákvætt að lega línunnar sé færð við hlið núverandi vegslóða. Þá tekur heilbrigðiseftirlitið undir þá skoðun að varlega verði farið þegar farið verður yfir nútímahraun og passað verði upp á hraunhella sem eru á svæðinu og gætu orðið fyrir skemmdum ef þess er ekki gætt við framkvæmdir.*

### 2.2. Reykjanesbraut, stækkun Straumsvíkurhafnar, nýr aðkomuvegur og Rauðamelsnáma afmörkuð. Breytt umferðarskipulag.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum þann 1. febrúar 2023 tillögu að breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 og að málsmeðferð yrði í samræmi við 30. gr. laga 123/2010. Forsendur breytinga er að unnið er að því að bæta hafnaraðstöðu í Straumsvíkurhöfn, bæta tengingar milli Straumsvíkurhafnar og iðnaðarsvæða sunnan Reykjanesbrautar og almennt bæta umferðarskipulag við Kapelluhraun.

*Bókun:*

*Heilbrigðisnefnd veitti jákvæða umsögn um kynningu á skipulagstillögunni en vakti athygli á að verulega væri þrengt að hreinsistöðinni í Hraunavík. Megin krafa á skólpi er að fráveituvatn skuli hreinsað með tveggja þrepa hreinsun. Ef hreinsistöðin í Hraunavík á að sinna því hlutverki að taka við auknu frárennsli og að í framtíðinni verði jafnvel gerð krafa um 4ja þrepa hreinsun, þá hefur komið fram í áætlunum Veitna fyrir höfuðborgarsvæðið að gróft mat á stækkun stöðvarinnar í*

*Handwritten signatures and initials:*  
B.I.  
skli

Hraunavík þurfi a.m.k. 15 hektara lands eða fyllingar við hreinsistöðina. Heilbrigðisnefnd hvetur því skipulagsyfirlönd í Hafnarfirði að skoða með hvaða hætti sveitarfélagið ætlar að haga sínum fráveitumálum til framtíðar.

### 2.3. Hvaleyri, breyting á deiliskipulagsmörkum.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum þann 13. september að auglýsa tillögu að breytingu á skipulagsmörkum fyrir deiliskipulag Hvaleyrar. Breytingin á deiliskipulaginu fellst í að mörk skipulagssvæðisins breytast vegna breytinga á deiliskipulagsmörkum álversins í Straumsvík og skipulagssvæðið minnkar þannig að vegtenging frá Reykjanesbraut að dælu- og hreinsistöð fellur úr deiliskipulagi Hvaleyrar, en verður þess í stað innan deiliskipulags álversins í Straumsvík.

Bókun:

Heilbrigðisnefnd gerir ekki athugasemdir við þá breytingu að færa til mörk skipulagssvæðisins, en vekur athygli á að verulega er þrengt að dælu- og hreinsistöðinni í Hraunavík samkvæmt þessum tillögum. Huga þarf að framtíðarlausn fyrir stækkun hreinsistöðvarinnar í samræmi við auknar kröfur um hreinsun, sbr. það sem fram kemur í lið 1.2.

### 2.4 Lýsing á breytingu á Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013 – 2025 vegna Álhellu 1.

Lögð fram skipulagslýsing Hafnarfjarðabæjar um eftirfarandi aðalskipulagsbreytingar; stækkun iðnaðarsvæðisins l4 inn á óbyggt svæði til austurs vegna stækkunar lóðarinnar Álhellu 1. Ástæðan fyrir stækkun lóðar Álhellu 1 er að Hringrás ehf. hyggst flytja endurvinnslustöð úr Sundahöfn í Reykjavík að Álhellu 1 í Hafnarfirði. Í framkvæmdinni felst m.a. móttaka og geymsla fyrir útflutning á brotajárni þ.m.t. faratækjum, yfir 1.500 tonnum á ári, ásamt uppsetning málmtætara.

Bókun:

Heilbrigðiseftirlitið gerir ekki athugasemd við fyrirhugaða breytingu en bendir á að skoða þurfi vel áhrif af hávaða frá starfseminni á nágrennið. Meðal annars hugsanlegt endurvarp hljóðs frá hljóðvegg að íbúðarhverfum í Hafnarfirði.

  
Linda Hrónn Þórisdóttir

  
Gnýr Guðmundsson

  
Bjarni Ingimarsson

  
Hannes Trygvi Hafstein

  
Ingibjörg Hauksdóttir

  
Svanur Karl Grjetarsson

### 3. Starfsleyfi og umsagnir

#### Afgreiðslufundur heilbrigðiseftirlits dags. 04.10. 2023.

Starfsleyfi afgreidd í samræmi við 6. gr. samþykkt nr.195/2022 um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes, en þar er framkvæmdastjóra falin útgáfa starfsleyfa með vísan til 48. gr. laga nr.7/1998.

##### 3.1 Ásabraut 2, Garðabær– samkomuhús

Lögð fram umsókn Ólafs Einarssonar f.h. Kirkja Jesús Krists hinna Síðari daga heilögu., kt.560279-0199, dags. 21.09.2023 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir samkomuhús að Ásabraut 2, Garðabæ. Fasteignanr. F2250096. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 04.10.2023.

*Með vísun til ákvæða hollustuhátta- og matvælaoreglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.*

##### 3.2 Hafnarfjarðarvegur 1, Garðabær - veitingaverslun

Lögð fram umsókn Arnar Franzsonar f.h. Olís ehf., kt: 500269-3249, dags. 24.02.2023 þar sem sótt er um leyfi fyrir veitingaverslun að Hafnarfjarðarvegi 1, Garðabæ. Breyting á starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 03.10.2023.

*Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttaoreglugerðar er samþykkt starfsleyfi til 12 ára.*

##### 3.3 Hringhella 9, Hafnarfjörður – skólahúsnæði

Lögð fram umsókn Silju Katrínar Agnarsdóttur f.h. Klettabær ehf., kt. 550318-0830, dags. 02.10.2023 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir skólahúsnæði, hámark 10 nemendur, að Hringhelli 9, Hafnarfirði. Fasteignanr. F2501244. Ný starfsemi. Bréf sent byggingafulltrúa dags. 04.10.2023. Eftirlitsskýrsla dags. 04.10.2023.

*Með vísun til ákvæða hollustuháttaoreglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.*

##### 3.4 Kaldársels stígur, Hafnarfjörður – malbikun

Lögð fram umsókn Helgu Stefánsdóttur, f.h. Hafnarfjarðarbæjar, kt. 590169-7579, dags. 03.10.2023, þar sem sótt er um tímabundið starfsleyfi fyrir malbikun við Kaldársels stíg, Hafnarfirði. Tímabundið leyfi meðan unnið er að frágangi göngustígs.

*Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerðar er starfsleyfi samþykkt dags. 4.10.2023 - 01.12.2023.*

##### 3.5 Við Kríuvíkurveg, Hafnarfjörður – Starfsmannabúðir

Lögð fram umsókn Björnu Magnúsdóttur, f.h. Íslenskir aðalverktakar hf., kt. 660169-2379, dags. 08.09.2023, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir starfsmannabúðir við Kríuvíkurveg, Hafnarfirði. Bréf sent byggingafulltrúa dags. 19.09.2023, staðfesting á stöðuleyfi dags. 04.10.2023.

*Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 31.12.2026.*

**3.6 Fannborg 2, Kópavogur – félagsmiðstöð**

Lögð fram umsókn Brynhildar Bergmann Kjartansdóttur f.h. Kópavogsbæjar, kt. 700169-3759, dags. 21.09.2023 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir félagsmiðstöð fyrir ungmenni með fötlun á menntaskólaaldri að Fannborg 2, Kópavogi. Fasteignanr. F2060378. Endurnýjun. Eftirlitsskýrsla dags. 04.10.2023.

*Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er samþykkt starfsleyfi til 4 ára.*

**3.7 Bugðufljót 17D, Mosfellsbær – verkstæði fyrir kælitæki**

Lögð fram umsókn Barkar Reykjalín Brynjarssonar f.h. Frostverk ehf., kt. 650888-1389, dags. 14.09.2023, þar sem sótt er um um starfsleyfi fyrir verkstæði fyrir kælitæki að Bugðufljóti 17D Mosfellsbær. Fasteignanr. F210640. Breyting á húsnæði. Eftirlitsskýrsla dags. 4.10.2023. Bréf sent til byggingafulltrúa dags. 18.09.2023. Jákvætt svar frá byggingafulltrúa dags. 19.09.2023.

*Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er samþykkt starfsleyfi til 12 ára.*

**3.8 Sunnukriki 3, Mosfellsbær – snyrtistofa**

Lögð fram umsókn Ágústu Nellý Hafsteinsdóttur f.h. Á2 þjónusta ehf., BeautyStar snyrtistofa, kt. 460922-0620, dags. 20.05.2023, þar sem sótt er um um starfsleyfi fyrir snyrtistofu að Sunnukrika 3, Mosfellsbæ. Fasteignanr. F2512462. Ný starfsemi. Bréf sent til byggingafulltrúa dags. 22.05.2023. Fyrirspurn send 02.08.2023. Jákvætt svar frá byggingafulltrúa dags. 04.10.2023. Eftirlitsskýrsla dags. 22.08.2023.

*Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er samþykkt starfsleyfi til 12 ára.*

**3.9 Eiðistorg 17, Seltjarnarnes – skólahúsnæði grunnskóla**

Lögð fram umsókn Baldurs Pálssonar f.h. Seltjarnarnesbæjar, kt. 560269-2429, dags. 25.09.2023, þar sem sótt er um um starfsleyfi fyrir tímabundið skólahúsnæði grunnskóla Seltjarnarness að Eiðistorgi 17, Seltjarnarnesi. Fasteignanr. F2067340. Ný tímabundin starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 29.09.2023.

*Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er samþykkt starfsleyfi til 1 árs.*

Umsagnir sem borist hafa heilbrigðiseftirlitinu og heilbrigðisfulltrúum er falið að afgreiða í samræmi við 6. gr. samþykktra nr.195/2022 um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes.

**3.10 Breiðumýri, Álftanesi – tækifærisleyfi**

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 02.10.2023, þar sem óskað er umsagnar á umsókn UMFA -Meistaraflokkur karla í körfubolta kt. 711016-0900 þar sem sótt er um tækifærisleyfi – tímabundið áfengisleyfi vegna samkomu þann 08.10.2023 frá kl. 16.00 – 23:00 í Reiðhöll hestamannafélag Sóta, Celsius höllin, Breiðumýri. Áætlaður gestafjöldi 300 manns.

*Jákvæð umsögn staðfest.*

Upplýsingar um staðfestingu á skráningarskyldum atvinnurekstri í samræmi við 6. gr. samþykktar nr.195/2022 um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes, en þar er framkvæmdastjóra falinn útgáfa starfsleyfi með vísan til 48. gr. laga nr.7/1998.

### 3.11 Dofrahella 3, Hafnarfjörður – bifreiða- og vélaverkstæði

Lögð fram umsókn Damian Brodziak, kt. 060486-2639, dags. 26.09.2023, þar sem sótt er um skráningu fyrir bifreiða- og vélaverkstæði að Dofrahellu 3, Hafnarfirði. Fasteignanr. F2514963. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 03.10.2023.

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 02.10.2023. Jákvætt svar frá byggingafulltrúa dags. 03.10.2023.

*Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er skráning staðfest.*

### 3.12 Suðurella 6, Hafnarfjörður – bifreiðaverkstæði

Lögð fram umsókn Hannesar Þórs Þorlákssonar f.h. Aðalbílar ehf., kt. 600516-1320, dags. 13.09.2023, þar sem sótt er um skráningu fyrir bifreiðaverkstæði að Suðurellu 6, Hafnarfirði. Fasteignanr. F2300037. Breyting á húsnæði. Eftirlitsskýrsla dags. 26.09.2023.

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 3.10.2023. Jákvætt svar frá byggingafulltrúa dags. 09.10.2023.

*Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er skráning staðfest.*

## Afgreiðslufundir heilbrigðiseftirlits dags. 11.10. 2023.

Starfsleyfi afgreidd í samræmi við 6. gr. samþykktar nr.195/2022 um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes, en þar er framkvæmdastjóra falinn útgáfa starfsleyfi með vísan til 48. gr. laga nr.7/1998.

### 3.13 Álhella 14, Hafnarfjörður – dreifing matvæla

Lögð fram að nýju umsókn Jóns H. Valssonar f.h. Jon & Co ehf., kt. 440900-2320, dags. 24.07.2023 þar sem sótt er starfsleyfi til dreifingar matvæla að Álhelli 14, Hafnarfirði. Fasteignanr. F2515152. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 10.10.2023.

*Með vísun til ákvæða matvælaoreglugerða er starfsleyfi samþykkt.*

### 3.14 Helluhraun 22, Hafnarfjörður – veitingaverslun og veislupjónusta

Lögð fram umsókn Xiaomei Liu f.h. DH veitingar ehf (Fine take away), kt. 570315-1290, dags. 01.10.2023 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir veitingaverslun og veislupjónustu að Helluhrauni 22, Hafnarfirði. Fasteignanr. F2217285. Endurnýjun. Eftirlitsskýrsla dags. 17.05.2023.

*Með vísun til ákvæða matvælaoreglugerða er starfsleyfi samþykkt.*

### 3.15 Bæjarlind 4, Kópavogur – fótaaðgerðastofa

Lögð fram umsókn Rögnu Jónu Georgsdóttur, kt. 010368-5379, dags. 17.09.2023 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir fótaaðgerðastofu inn á snyrtistofunni Heilsa og fegurð að Bæjarlind 4, Kópavogi. Fasteignanr. F2234246, F2234247. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 09.10.2023.

*Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er samþykkt starfsleyfi til 12 ára.*

*3.16 Hamraborg 1, Kópavogur – fóttaaðgerða- og nuddstofa*

Lögð fram umsókn Sigurðar Óskars Sigurðssonar f.h. Nærandi Líf ehf., kt. 700421-0230, dags. 20.08.2023 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir fóttaaðgerðastofu að Hamraborg 1, Kópavogi. Fasteignanr.F2061188. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 03.10.2023. Bréf sent til byggingafulltrúa dags. 30.08.2023. Jákvætt svar frá byggingafulltrúa dags. 25.09.2023. *Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er samþykkt starfsleyfi til 12 ára.*

*3.17 Hlíðasmári 14, Kópavogur – samkomusalur*

Lögð fram umsókn Kolfinnu Guðmundsdóttur, f.h. Lionsumdæmið á Íslandi., kt. 640572-0869 dags. 03.10.2023 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir samkomusal að Hlíðasmára 14, Kópavogi. Fasteignanr.F2227793. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 11.10.2023. *Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerðar er samþykkt starfsleyfi til 12 ára.*

*3.18 Vallakór 4, Kópavogur – dreifing matvæla*

Lögð fram umsókn Benedikts Benediktssonar f.h. BGB vöruhús ehf., kt. 640823-0460 dags. 13.09.2023, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir dreifingu matvæla að Vallakór 4, Kópavogi. Fasteignanr. F2311637. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 11.10.2023. *Með vísun til ákvæða matvælaireglugerða er starfsleyfi samþykkt*

Umsagnir sem borist hafa heilbrigðiseftirlitinu og heilbrigðisfulltrúum er falið að afgreiða í samræmi við 6. gr. samþykktra nr.195/2022 um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes.

*3.19 Strandgata 90, Hafnarfjörður – tækifærisleyfi*

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 28.09.2023, þar sem óskað er umsagnar á umsókn f.h. Prikið ehf., kt. 711003-2070 þar sem sótt er um tækifærisleyfi – tímabundið áfengisleyfi vegna samkomu þann 14.10.2023 frá kl. 15.00 – 02:00 að Strandgötu 90. Áætlaður gestafjöldi 100 manns. Eftirlitsskýrsla dags. 10.10.2023. Jákvæð umsögn staðfest.

*3.20 Dalvegur 30, Kópavogur - rekstrarleyfi)*

Lagt fram að nýju bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 06.10.2023 þar sem óskað er umsagnar á umsókn Glenn's kitchen ehf., kt. 710821-1510, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir veitingahús í fl. II. Ambrosial kitchen að Dalvegi 30, Kópavogi, fnr.F2245383. Eftirlitsskýrsla dags. 18.09.2023. *Jákvæð umsögn með vísan til starfsleyfis dags. 20.09.2023.*

*3.21 Víkurhvarf 1, Hafnarfjörður – tækifærisleyfi*

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 06.10.2023, þar sem óskað er umsagnar á umsókn f.h. Kenzo ehf., kt. 510316-1690 þar sem sótt er um tækifærisleyfi – tímabundið

áfengisleyfi vegna samkomu þann 21.10.2023 frá kl. 19.00 – 02:00 að Víkurhvarfi 1, Kópavogi. Áætlaður gestafjöldi 90 manns.

*Jákvæð umsögn*

Upplýsingar um staðfestingu á skráningarskyldum atvinnurekstri í samræmi við 6. gr. samþykktar nr.195/2022 um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes, en þar er framkvæmdastjóra falinn útgáfa starfsleyfi með vísan til 48. gr. laga nr.7/1998.

### 3.22 Dalshraun 11, Hafnarfjörður – sjúkrabjálfun

Lögð fram umsókn Þórs Davíðssonar, f.h. Sjúkrabjálfun Hress,/Sp ráðgjöf. kt. 670623-0920 dags. 05.07.2022, þar sem sótt er um skráningu fyrir sjúkrabjálfun að Dalshrauni 11, Hafnarfirði. Fasteignanr. F2074330. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 29.09.2023. Bréf sent til byggingafulltrúa dags: 02.08.2023. Jákvætt svar frá byggingafulltrúa dags. 18.09.2023.

*Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er skráning staðfest.*

### 3.23 Smáratorg 3, Kópavogi – Tannlæknastofa

Lögð fram umsókn Sveinbjörns Jónssonar kt. 261254-7949 f.h. Ortho slf. kt. 570212-0360 dags. 14.07.2023, þar sem sótt er um skráningu fyrir tannlæknastofu að Smáratorgi 3 í Kópavogi. ý starfsemi. Fasteignanr. 2064397. Breyting á skráningu. Eftirlitsskýrsla dags. 19.07.2023.

*Með vísun til ákvæða hollustuhátta- og mengunarreglugerða er skráningin staðfest.*

## 1 Tóbaksleyfi

### 3.24 Háholt 14, Mosfellsbær – tóbaksleyfi

Lögð fram umsókn fyrir Ís-grill ehf., kt. 600819-1430, dags. 06.10.2023 þar sem sótt er um tóbaksleyfi fyrir Mosó Grill, Háholti 14, Mosfellsbæ. Eftirlitsskýrsla dags. 18.09.2023

*Leyfisveiting staðfest.*

## Afgreiðslufundur heilbrigðiseftirlits dags. 18.10. 2023.

Starfsleyfi afgreidd í samræmi við 6. gr. samþykktar nr.195/2022 um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes, en þar er framkvæmdastjóra falinn útgáfa starfsleyfi með vísan til 48. gr. laga nr.7/1998.

### 3.25 Reykjavíkurvegur 62, Hafnarfjörður – hársnyrtistofa

Lögð fram umsókn Mörtu Rutar Guðmundsdóttur f.h. Skemman Hársnyrtistofa kt. 640122-0480, dags. 27.09.2023, þar sem sótt er um tímabundið starfsleyfi fyrir húðflúr í einn dag, þann 04.11.2023 að Reykjavíkurvegi 62, Hafnarfirði. Fasteignanr. F122421. Eftirlitsskýrsla dags. 16.10.2023.

*Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er tímabundið leyfi samþykkt.*

### 3.26 Háholt 14, Hafnarfjörður – daggæsla

Lögð fram umsókn Guðrúnar Maríu Helgadóttur kt. 011079-5989 f.h. Krúttkots, dags. 11.09.2023, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir daggæslu í heimahúsi að Háholti 14, íbúð 301, Hafnarfirði. Fasteignanr. F2075169. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 18.10.2023

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 13.09.2023. Jákvætt svar frá byggingafulltrúa dags. 14.09.2023.

*Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 4 ára.*

### 3.27 Skipalón 23, Hafnarfjörður – daggæsla

Lögð fram umsókn Stelli Óskar Sigurðardóttur kt. 240781-4419, dags. 28.09.2023, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir daggæslu í heimahúsi að Skipalóni 23, Hafnarfirði. Fasteignanr. F2297446.

Endurnýjun. Eftirlitsskýrsla dags. 18.10.2023. Bréf sent byggingafulltrúa dags. 03.10.2023. Jákvætt svar frá byggingafulltrúa dags. 03.10.2023.

*Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 4 ára.*

### 3.28 Bæjarlind 6, Kópavogur – snyrtistofa (snyrti- og hárgreiðslustofa með húðrofi)

Lögð fram umsókn Tinnu Tho Bui, f.h. Beauty Eyebrows, kt. 460323-0530 dags. 13.08.2023 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir hárgreiðslu- og snyrtistofu að Bæjarlind 6, Kópavogi. Fasteignanr. F2241214. Eigendaskipti. Eftirlitsskýrsla dags. 01.09.2023.

*Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er samþykkt starfsleyfi til 12 ára.*

### 3.29 Bæjarlind 12, Kópavogur – snyrtistofa

Lögð fram umsókn Tran Quynh Trang Nguyen, f.h. Emma Lashes kt. 531022-0920, dags. 22.09.2023 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir snyrtistofu að Bæjarlind 12, Kópavogi. Fasteignanr. F2246285. Eigendaskipti. Eftirlitsskýrsla dags. 17.10.2023.

*Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er samþykkt starfsleyfi til 12 ára.*

### 3.30 Engihjalli 8, Kópavogur – matsölustaður

Lögð fram umsókn Magnúsar Andréssonar f.h. Gott heitt hratt ehf., kt. 521011-1810, dags. 17.10.2023 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir matsölustað að Engihjalla 8, Kópavogi.

Fasteignanr. F1120202. Endurnýjun. Eftirlitsskýrsla dags. 17.10.2023.

*Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er samþykkt starfsleyfi til 12 ára.*

### 3.31 Hamraborg 1, Kópavogur – læknastofa

Lögð fram umsókn Gígu Skúladóttur f.h. Gígí ehf., kt. 490922-0400, dags. 06.09.2023 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir læknastofu að Hamraborg 1, Kópavogi. Fasteignanr. F114530. Ný starfsemi/breyting á starfsemi.

*Umsókn um breytingu hafnað með vísan í bréf til Landlæknis 21.09.2023. Svar Landlæknis dags. 12.10.2023. Viðkomandi starfsemi fellur ekki undir skilgreiningu laga um heilbrigðisþjónustu.*

Upplýsingar um staðfestingu á skráningarskyldum atvinnurekstri í samræmi við 6. gr. samþykktar nr.195/2022 um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og

Seltjarnarnes, en þar er framkvæmdastjóra falinn útgáfa starfsleyfi með vísan til 48. gr. laga nr.7/1998.

*3.32 Helluhraun 20, Hafnarfjörður – bifreiðaverkstæði*

Lögð fram umsókn Rebin Omer Ali f.h. Bifvéla- og verkstæði Fjarðar ehf., kt. 480923-1460, dags. 16.09.2023, þar sem sótt er um skráningu fyrir bifreiðaverkstæði að Helluhrauni 20, Hafnarfirði. Fasteignanr. F2065380. Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags. 27.09.2023.

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 19.09.2023. Jákvætt svar frá byggingafulltrúa dags. 19.09.2023.

*Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er skráning staðfest.*

## Afgreiðslufundur heilbrigðiseftirlits dags. 25.10. 2023.

Starfsleyfi afgreidd í samræmi við 6. gr. samþykkt nr.195/2022 um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes, en þar er framkvæmdastjóra falinn útgáfa starfsleyfi með vísan til 48. gr. laga nr.7/1998.

*3.33 Bæjarhraun 16, Hafnarfjörður – búsetuúrræði*

Lögð fram umsókn Davíðs Jóns Kristjánssonar f.h. Ríkislögreglustjóra kt. 530697-2079, dags. 11.10.2023, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir húsnæðisúrræði fyrir umsækjendur um alþjóðlega vernd að Bæjarhrauni 16, Hafnarfirði. Fasteignanr. 2074274, 2074275, 2074276, 2074277 .

Eigendaskipti. Eftirlitsskýrsla dags. 21.12.2022.

*Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 4 ára.*

*3.34 Hvaleyrarbraut 12, Hafnarfjörður – steinsmiði*

Lögð fram umsókn Sigursteins Brynjólfssonar f.h. Steinlausnir ehf., kt.520821-1470, dags. 17.04.2023, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir steinsmiðju (smíð og uppsetning á borðplötum úr Granít/Quartz/Marmara) að Hvaleyrarbraut 12, Hafnarfirði. Fasteignanr. F2504715, F2504716, F2504717, F2504718. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 02.05.2023.

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 19.04.2023. Neikvætt svar frá byggingafulltrúa dags. 24.04.2023.

*Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er samþykkt starfsleyfi til 1 árs meðan unnið er að úrbótum byggingafulltrúa.*

*3.35 Engihjalli 8, Kópavogur – matsölustaður*

Lögð fram umsókn Tuan Thuy Nguyen f.h. Andra Veitinga ehf., (Matarhjallinn), kt. 510923-0300, dags. 05.10.2023 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir matsölustað að Engihjalla 8, Kópavogi. Fasteignanr.F2247005. Eigendaskipti. Eftirlitsskýrsla dags: 23.10.2023.

*Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er samþykkt starfsleyfi til 12 ára.*

*3.36 Nýbýlavegur 8, Kópavogur – framleiðsla matvæla*

Lögð fram umsókn Anton Yangthong Sakornram kt. 180701-4270, f.h. Cakeletta, dags. 17.09.2023, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir matvælaframleiðslu að Nýbýlavegi 8, Kópavogi. Ný

starfsemi. Starfsemin fer fram í húsnæði Eldstæðisins. Fasteignanr. 2064397. Eftirlitsskýrsla dags. 23.10.2023.

*Með vísun til ákvæða matvælaireglugerða er starfsleyfi samþykkt til 28.06.2032.*

### 3.37 Skálahlíð 7b, Mosfellsbær – Heimili fyrir fatlaða

Lögð fram umsókn Jónínu G. Árnadóttur f.h. Mosfellsbæjar, kt.470269-5969, dags. 16.10.2023, þar sem sótt er um um starfsleyfi fyrir heimili fyrir fatlaða, búsetukjarni fyrir 3 íbúa, að Skálahlíð 7b, Mosfellsbæ. Fasteignanr. F2082330. Eigendaskipti. Eftirlitsskýrsla dags. 25.10.2023

*Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er samþykkt starfsleyfi til 12 ára.*

### 3.38 Skálahlíð 11, Mosfellsbær – sambýli

Lögð fram umsókn Siguróskar G. Kristjánsdóttur f.h. Mosfellsbæjar, kt.470269-5969, dags. 16.10.2023, þar sem sótt er um um starfsleyfi fyrir sambýli fatlaðra, búsetukjarni fyrir 6 íbúa, að Skálahlíð 11, Mosfellsbæ. Fasteignanr. F2082330. Eigendaskipti. Eftirlitsskýrsla dags. 25.10.2023

*Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er samþykkt starfsleyfi til 12 ára.*

### 3.39 Skálahlíð 11a, Mosfellsbær – sambýli

Lögð fram umsókn Líneyjar Rutar Guðmundsdóttur f.h. Mosfellsbæjar, kt.470269-5969, dags. 16.10.2023, þar sem sótt er um um starfsleyfi fyrir sambýli fatlaðra, búsetukjarni fyrir 9 íbúa, að Skálahlíð 11a, Mosfellsbæ. Fasteignanr. F2082330. Eigendaskipti. Eftirlitsskýrsla dags. 25.10.2023.

*Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er samþykkt starfsleyfi til 12 ára.*

### 3.40 Skálahlíð 13a, Mosfellsbær – sambýli

Lögð fram umsókn Jónínu G. Árnadóttur f.h. Mosfellsbæjar, kt.470269-5969, dags. 16.10.2023, þar sem sótt er um um starfsleyfi fyrir sambýli fatlaðra, búsetukjarni fyrir 5 íbúa, að Skálahlíð 13a, Mosfellsbæ. Fasteignanr. F2082330. Eigendaskipti. Eftirlitsskýrsla dags. 25.10.2023.

*Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er samþykkt starfsleyfi til 12 ára.*

### 3.41 Skálahlíð 13b, Mosfellsbær – sambýli

Lögð fram umsókn Jónínu G. Árnadóttur f.h. Mosfellsbæjar, kt.470269-5969, dags. 16.10.2023, þar sem sótt er um um starfsleyfi fyrir sambýli fatlaðra, búsetukjarni fyrir 5 íbúa, að Skálahlíð 13b, Mosfellsbæ. Fasteignanr. F2082330. Eigendaskipti. Eftirlitsskýrsla dags. 25.10.2023.

*Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er samþykkt starfsleyfi til 12 ára.*

Umsagnir sem borist hafa heilbrigðiseftirlitinu og heilbrigðisfulltrúum er falið að afgreiða í samræmi við 6. gr. samþykktra nr.195/2022 um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes.

### 3.42 Vetrarbraut 30, Íþróttahúsið Miðgarður – tækifærisleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 23.10.2023, þar sem óskað er umsagnar á umsókn f.h. Ungmennafélagið Stjarnan., kt. 611175-0199 þar sem sótt er um tækifærisleyfi –

tímabundið áfengisleyfi vegna samkomu þann 03.11.2023 frá kl. 17.30 – 01.00 í Miðgarði íþróttahúsi, Vetrarbraut 30, Garðabæ. Áætlaður gestafjöldi 200 manns.

Eftirlitsskýrsla dags. 20.10.2023.

*Jákvæð umsögn staðfest.*

### *3.43 Vetrarbraut 30, Íþróttahúsið Miðgarður – tækifærisleyfi*

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 23.10.2023, þar sem óskað er umsagnar á umsókn f.h. Ungmennafélagið Stjarnan., kt. 611175-0199 þar sem sótt er um tækifærisleyfi – tímabundið áfengisleyfi vegna samkomu þann 17.11.2023 frá kl. 18.00 – 01.00 í Miðgarði íþróttahúsi, Vetrarbraut 30, Garðabæ. Áætlaður gestafjöldi 200 manns.

Eftirlitsskýrsla dags. 20.10.2023

*Jákvæð umsögn staðfest.*

Upplýsingar um staðfestingu á skráningarskyldum atvinnurekstri í samræmi við 6. gr. samþykktar nr.195/2022 um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes, en þar er framkvæmdastjóra falinn útgáfa starfsleyfi með vísan til 48. gr. laga nr.7/1998.

### *3.44 Vesturgata 8, Hafnarfjörður – rakarastofa*

Lögð fram umsókn Gunnars Malmquist f.h. Studio 220 ehf., kt. 630623-0300, dags. 05.09.2023, þar sem sótt er um skráningu fyrir rakarastofu að Vesturgötu 8, Hafnarfirði. Fasteignanr.F2080442. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 12.09.2023.

Bréf sent til byggingafulltrúa dags. 18.10.2023. Jákvætt svar frá byggingafulltrúa dags. 19.10.2023.

*Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er skráning staðfest.*